



Ársskýrsla 2023-2024

Starfsáætlun Leikskólans Laugalandi 2024-2025

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Inngangur

Í öllu starfi leikskólans er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla og grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. Einnig er skólastefna Odda bs. höfð að leiðarljósi og koma fram í skýrslu þessari flestir þeir þættir sem meta skal. Nú er krefjandi skólaári að ljúka en það hafa verið margar áskoranir í vetur eins og svo oft áður. Starfsfólk skólans hefur staðið sig mjög vel á þessu skólaári sýnt mikla þrautseigju oft í krefjandi aðsæðum og leyst öll verkefni með góðri samvinnu og af mikilli yfirvegum. Hér á eftir er smá samantekt á því hvernig skólaárið gekk. Þá næst niðurstöður innra mats, þá koma upplýsingar um starfsmenn og samsetning barnahópsins síðastliðið skólaár og hlutverk foreldraráðs. Að lokum eru settar fram áherslur næsta skólaárs og starfsáætlun fyrir skólaárið 2024-2025.

Skólaárið 2023-2024

Skólaárið fór vel af stað og allir fullir bjartsýni. Það var vel mannað og voru 36 börn hjá okkur í upphafi skólaárs. Á skólaárinu bættust við 11 börn svo 1. maí voru nemendur orðnir 47 við skólann. Faglegt starf gekk vel og nokkuð vel gekk að fylgja starfsáætlun skólaársins ásamt því að ýmislegt bættist við.

Á skólaárinu var unnið að þeim þáttum sem ekki voru fullkláraðir í umbótaáætlun vegna ytra mats sem framkvæmt var í lok apríl 2021 af Menntamálastofnun. Það sem stóð út af var gerð námsmatshandbókar og ferli uppeldisfræðilegra skráninga á framförum barna og er ánægjulegt að segja frá því að þeirri vinnu lauk núna á vormánuðum. Á skólaárinu var vinnu við að skoða aðbúnað og nýtingu rýmis á Laugalandi haldið áfram og eru tillögur að endurbættum leikskóla vel á veg komnar.

Innleiðing á „Jákvæðum aga“ hélt áfram og teljum við að sú stefna hafi litað starfshætti leikskólans og haft jákvæð áhrif á bæði börn og starfsfólk. Innleiðingarteymi, skipað þremur starfsmönnum, hefur haft það hlutverk að halda efninu vakandi og vera með upprifjun reglulega fyrir starfsfólk. Að auki hefur einn starfsmaður úr leikskólanum verið í innleiðingarteymi á Jákvæðum aga þvert á leikskóla á Skólaþjónustusvæðinu. Í leikskólastarfinu var að vanda lögð áhersla á umönnun, tengsl og öryggi allra barna. Unnið var að því að börnin væru virkir þátttakendur og hlustað á hvað þau höfðu til málanna að leggja, t.d. með því að halda „barnafundi“. Þetta eru allt þættir sem Jákvæður agi leggur áherslu á.

Unnið var markvisst með Lubba sem er málörvunarefni og kennir íslensku máhljóðin, Blæ sem er vináttuverkefni og forvörn gegn einelti, yoga, Hugarfrelsi og ýmislegt fleira. Reglulega var farið í útikennslu „úti er ævintýri“, unnið var með sköpun á fjölbreyttan máta og elstu börnin spreyttu sig í gróðursetningu. Nýir kaflar í Aðalnámskrá leikskóla litu dagsins ljós á haustmánuðum og er þar meðal annars að finna aukna áherslu á sjálfsprottna leik barnanna. Samhliða vinnu með markvisst námsefni hefur því verið áhersla á að gefa sjálfsprottna leiknum nægan tíma og rými í leikskólastarfinu. Útivera var daglega og yfirleitt var farið út tvisvar á dag ef veður leyfði. Stærri útsvæðið fékk smá upplýftingu og hefur verið vel nýtt aðallega af eldri börnum leikskólans.

Í janúar var farið í læsisátak með þátttöku foreldra. Það er áhyggjuefni að hluti foreldra virðast vera farnir að lesa mun sjaldnar fyrir börn sín. Á vorönn komu til okkar tveir nemar í leikskólakennarafræðum í tvær vikur og unnu þær með verkefni tengt sjálfbærni og sköpun. Í leikskólanum eru nokkur börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Unnið hefur verið markvisst að því að aðlaga umhverfið fyrir þessi börn og koma til móts við þeirra þarfir.

Enn eru áskoranir varðandi styttingu vinnuvikunnar og aukins undirbúningstíma. Sama fyrirkomulag varðandi styttingu var haldið áfram en starfsfólk tekur 5 mínútur af kaffitímanum í styttingu og safnar þeim ásamt 13 mínútunum. Síðastliðið vor var sú ákvörðun tekin að starfsfólk safnaði styttingunni upp í frí á milli jóla og nýárs en leikskólanum var lokað þessa daga. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að mjög fá börn eru að nýta þessa daga milli hátíða. Boðið var upp á neyðarvistun fyrir þá foreldra sem höfðu engin önnur úrræði vegna vinnu sinnar og var sú vistun á Heklukoti. Ekkert af börnunum á Laugalandi þurfti á þessari vistun að halda. Þetta fyrirkomulag varð til þess að starfsfólk hafði tækifæri til að fá gott jólafrí og gat hlaðið batterið þar sem vinna á leikskóla er krefjandi starf. Þetta var ekki síður talið gott fyrir börnin en þau þurfa líka tíma til að hvíla sig og vera með fjölskyldum sínum.

Áætlað var að taka fjögur snerpu starfsmannasamtöl á skólaárinu en aðeins náðist að taka tvö til þrjú við hvern starfsmann. Í samtölum er farið yfir líðan starfsmanna, starfsanda, liðsheild og styrkleika og eitthvað sem starfsmaður vill ræða. Fyrir fyrsta viðtalið fengu starfsmenn punkta varðandi líðan þeirra sem er þáttur í að skoða og meta eigin starfshætti í daglegu starfi.

Haldið var áfram með innleiðingu á framkvæmd og útfærslu á farsældarlögunum. Valinn var tengiliður innan leikskólans og hefur hann sótt grunn- og framhaldsfræðslu á vegum Barna og fjölskyldustofu. Hlutverk tengiliðar hefur helst snúið að því að kynna sér lögin og út á hvað farsæld barna gengur, engin mál eru í samþættingu eins og er. Á næsta skólaári er mikilvægt að kynna farsæld barna og samþættingu þjónustu fyrir foreldrum.

Starfsdagar voru notaðir til fræðslu og funda. Þann 18. ágúst var fræðsludagur eftir hádegi fyrir starfsfólk Odda og annars starfsfólks sveitarfélaganna. Þar fengu allir kynningu á Fræðsluneti Suðurlands, fræðslu um hinseginleika frá Samtökunum 78 og að lokum fræðslu um starfsánægju og virðingu á vinnustað. Þann 29. september var haustþing FL og FSL á Hvolsvelli. Þar fengu allir fræðslu um áhrif umhverfis á leik barna ásamt fræðslu um samskipti og sjálfsmynd. Að auki var boðið upp á fjölbreytta fræðslu sem starfsmenn gátu valið s.s. samskipti í leikskólasamfélaginu, afleiðingar áfalla á börn, hlutverk faglegra leiðtoga, ærslaleik ungra barna og hvernig hægt er að efla heilsu og hreysti barna. Þann 20. nóvember var starfsdagur sem nýttist til deildarfunda, tiltektar og undirbúnings á starfi. Starfsdagur var 2. janúar og voru starfsmenn búnir að vinna hann af sér með kvöldfundum. Öskudaginn, þann 14. febrúar, var hálfur starfsdagur þar sem Berggrún leikskólaráðgjafi var með fræðslu fyrir starfsfólk um vináttuverkefnið Blæ. 1. mars var sameiginlegur starfsdagur allra leikskóla á Skólalþjónustusvæðinu þar sem upprifjun var á Jákvæðum aga fyrir starfsfólk. 26. apríl var starfsdagur sem nýttur var í fundi, undirbúning og tiltekt á deildum.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Í leikskólanum er sífellt verið að meta starfið með fjölbreyttum hætti. Starfsmannasamtöl eru haldin öllu jöfnu þar sem farið er yfir líðan og starf viðkomandi einstaklings, það metið og ákvarðanir varðandi áframhaldandi starf teknar. Síðan eru haldnir deildarstjórafundir, deildarfundir, fagfundir og starfsmannafundir þar sem sífellt er verið að meta og þróa starfið. Einnig eru haldin foreldrasamtöl a.m.k. einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur. Gerð hefur verið langtímaáætlun um hvaða þættir eru metnir hverju sinni og verður sú áætlun nú uppfærð í takt við nýja námsmatshandbók sem námsmatsteymi skólans var að ljúka við nú í vor.

Innra mats könnun er lögð fyrir starfsfólk, foreldra og börn að vori (apríl-maí) og ef ekki næst 80% ánægja með þá þætti sem spurt er um þá fer það á umbótaáætlun. Sett markmið til umbóta, aðgerðir til umbóta, tímaáætlun, ákveðnir ábyrgðaraðilar, hvernig staðið er að endurmati og viðmið um árangur.

Starfsmannakönnun – úrvinnsla vor 2024

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir starfsfólk í lok mars og í byjun apríl. Spurningalistinn var sendur á 15 starfsmenn og svöruðu allir eða 100% starfsmanna. Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag og mannauð auk spurningar frá umbótaáætlun. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju eru settir á umbótaáætlun og þarf því í þessari könnun 3 óánægða starfsmenn sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Öllum starfsmönnum nema einum finnst samskipti starfsmanna við börnin á deildunum einkennast af virðingu, jákvæðni og kurteisi og einnig að börnin eigi jákvæð samskipti sín á milli. Einnig eru allir sammála því að börnum og foreldrum sé heilsað þegar þau koma í leikskólann og þegar þau eru kvödd í lok dags en þó segist einn ekki vita hvort þau séu kvödd í lok dags (líklega fer sá starfsmaður snemma heim). Öllum starfsmönnum líður vel í vinnunni og telja að góður starfsandi ríki þar og eru stoltir af vinnustaðnum sínum.

Þegar spurt er um hvort viðhorf starfsfólks til foreldrasamstarfs einkennist af jákvæðni, virðingu og nærgætni telja flestir svo vera en einn starfsmaður á yngri deildinni er þó ekki alveg sammála því og þrír segjast ekki vita það og einn af þeim skrifar að hann geri samt ráð fyrir því. Allir starfsmenn upplifa að foreldrar séu jákvæðir í garð leikskólans. Starfsmenn upplifa að trúnaður ríki á milli foreldra og starfsmanna en tveir segjast ekki vita það. Allir upplifa að trúnaður ríki innan starfsmannahópsins en einn veit það ekki. Einn starfsmaður veit ekki hvort velferð barnanna sé ávallt höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu og veltir þá fyrir sér hvort það sé í lagi að barn (á yngri deildinni) fái aðeins að sofa í minnst 15 mínútur. Þegar spurt er um hvort litið sé á leiki barnanna sem náms- og þroskaleið eru allir nema einn starfsmaður á yngri deild sammála því. Allir telja að sjálfstæði barnanna sé eflt með því að fá að gera hlutina sjálf en einn starfsmaður veit það ekki. Flestir telja að vinnuaðferðir allra sem starfa með börnunum séu samræmdar en þó eru tveir ósammála því á eldri deildinni og tveir segjast ekki vita það.

Þá kom opin spurning um hvar starfsmenn teldu börnin vera áhugasömumust í daglegu starfi. Talið er að þau séu áhugasöm á flestum stöðum en margir töldu að þau væru áhugasömumust í útiveru og í „úti er ævintýri“ (útikennsla) t.d. að fylgjast með í náttúrinni eins og rotnun músar frá degi til dags. Einnig í skapandi starfi, í frjálsum leik, tónlist, íþróttum, Lubba, Blæ, hrísgrjónum, í leir, kubbum, íþróttum og ærslaleikjum og þar sem þau fá að hafa áhrif og hlustað er á hugmyndir þeirra og væntingar.

Flestir telja að efniviður í leikskólanum bjóði upp á fjölbreytta leiki og skapandi hugsun en einn starfsmaður á eldri deildinni er ósammála því og annar sem er nokkuð sammála segir að efniviður sé ágætur en það þurfi að gæta þess að hann sé sýnilegur börnunum. Þau kynnast ekki því sem þau sjá ekki.

Þá var spurt hvort útsvæði hvetti til skapandi leiks og voru tveir starfsmenn á eldri deild ósammála því og þrír vissu það ekki. Einn starfsmaður skrifar að nýr leikvöllur mætti stækka þannig að tré yrðu innan hans. Meiri grænt þarf á litla völinn, ef ekki gras þá pottaplöntur á griðingu. Líka mættu vera spjöld á girðingu til að teikna á og lita eða spjaldmöppur fyrir pappír, útileldhús með rennandi vatni yrði vinsælt.

Flestir telja að börnin læri um undirstöðuatriði heilbrigði og vellíðan s.s. næringu, hreyfingu og hvíld. En það eru tveir starfsmenn á eldri deildinni sem eru ósammála því og einn veit það ekki. Á yngri deildinni skrifar einn starfsmaður að það vanti aðeins upp á að þau fái að æfa sjálfræði.

Þegar spurt var um hvort börnin læri um sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu og læsi og samskipti voru allir algjörlega sammála því að svo væri. Allir starfsmenn nema einn á eldri deildinni vita til hvers er ætlast af þeim í leikskólastarfinu en allir telja sig vera meðvitaða um ábyrgð sína í útiveru. Einn starfsmaður segir þar að hann sé mjög sammála og líti svo á að hann beri ábyrgð á öllum börnunum í útiveru en ekki bara börnum á sinni deild. Allir starfsmenn telja sig fá hvatningu frá leikskólastjóra til að auka sífellt gæði náms og starfs. Þá var spurt hvort starfsmenn fengju hvatningu frá deildarstjóra til að efla gæði náms og starfs og voru allir á yngri deildinni sammála því en þrír starfsmenn voru ekki sammála því á eldri deildinni svo það þarf

að skoða betur og setja á umbótaáætlun. Á yngri deildinni var einn starfsmaður mjög sammála að hann fengi hvatningu en skrifar að það skorti oft tíma.

Spurt var hvort nýliðar fái góða aðlögun og tilheyrandi leiðsögn og voru flestir sem töldu svo vera en fjórir vissu það ekki og einn á eldri deildinni var ósammála að svo væri. Langflestir töldu að það væri gott upplýsingaflæði milli leikskólastjóra og starfsmanna en einn starfsmaður taldi sig ekki vita það og annar skrifaði að hann væri mjög sammála að það væri gott því leikskólastjóri leitar reglulega eftir stöðunni á deildum og virðist reyna að taka á málum jafnóðum og þau berast, en safnar þeim ekki upp eða lítur fram hjá þeim. Þegar spurt var um hvort gott upplýsingaflæði væri milli aðstoðarleikskólastjóra og starfsmanna voru tveir sem vissu það ekki en allir hinir töldu það vera gott. Spurt var síðan um hvort gott upplýsingaflæði ríkti milli deildarstjóra og starfsmanna og voru allir á yngri deildinn ánægðir með það en á eldri deildinni voru tveir starfsmenn ekki sammála því. Einn starfsmaður veit ekki hvort framlag hans til skólans sé metið að verðleikum en allir hinir telja að svo sé.

Þá var spurt hvort samstarfsfólk nýtti leiksvæði innandyra vel með því að skipta barnahópnum upp á þau svæði sem eru til umráða og töldu allir að svo væri. Á yngri deildinni skrifar einn að það sé farið að gera það meira og að árangur sé byltingarkenndur varðandi hljóðvist og endingu barna í leik þar sem þau komast í betra flæði.

Í lok kannanarinnar var textbox ef starfsmenn vildu koma einhverju á framfæri og var skrifað:

- *Mér liður rosalega vel í vinnunni*
- *Það verður gaman þegar breytingar verða á leikskólanum*
- *Hlakka til að mæta til vinnu og fæ höfðinglegar móttökur á hverjum degi hjá börnunum. Það er mér mikils virði.*

Umbótaáætlun vor 2023

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2023-2024	Leikskólastjóri/ eignaumsjón	Innra mat vor 2024. Komið að hluta vor 2024.

Umbótaáætlun vor 2024

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er	Klára Skólaárið 2024-2025	Leikskólastjóri/ eignaumsjón	Innra mat vor 2025

	aðgengilegur börnunum			
<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Deildarstjóri eldri deildar hvetji starfsmenn meira á deildinni	Ræða meira faglegt starf á deildarfundum og setja á laggirnar hópstjórafundi sem ráða ráðum sínum varðandi faglegt starf hvers mánaðar	Skólaárið 2024-2025	Deildarstjóri/ Leikskólastjóri	Innra mat vor 2025

Foreldrakönnun Holt – úrvinnsla vor 2024

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 22 barna á yngri deild og var svörun 34% (sent var á 38 netföng og komu svör frá 13). Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: Uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag, mannauð auk spurninga frá umbótaáætlun frá síðastliðnu vori. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju fara á umbótaáætlun og þarf í þessari könnun þrjá foreldra sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Allir foreldrar telja að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum og það sé vel tekið á móti þeim þegar þau koma og þegar þau eru kvödd í lok dags. Eitt foreldri skrifar: „finnst stundum þó að sumt starfsfólk sé ekki ánægt með mann ef maður kemur með barnið seinna. Alls ekki allir samt“. Öllum foreldrum finnst að þeir séu velkomnir í leikskólann og skrifar sama foreldri: „Já þegar barnið mætir á réttum tíma. Ef við mætum seinna eru einmitt sumir sem eru ekki ánægðir“. Allir foreldrar eru ánægðir með samskipti starfsmanna við börnin og telja að námið sem börnin fá í leikskólanum samræmist þeim væntingum sem þau hafa til leikskólans. Foreldrar eru sammála því að starfsmenn bregðist við ábendingum eða beiðnum varðandi börnin en eitt foreldri skrifar: „Almennt tekið vel í það en það gleymist oft fljótt“. Allir foreldrar telja sig fá upplýsingar varðandi líðan barna sinna í leikskólanum og þeir séu látnir vita ef eitthvað kemur upp á varðandi börn þeirra í leikskólanum. Einnig telja allir foreldrar upplýsingaflæði frá leikskólanum vera gott. Öllum foreldrum finnst mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum /líðan barna sinna. Allir foreldrar telja samskipti við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og starfsmenn séu góð. Þrír foreldrar vita ekki hvort þeir séu ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki en aðrir foreldrar eru ánægðir. Allir telja foreldraviðtöl vera mikilvæg og voru ánægðir með síðasta viðtal. Varðandi foreldrafund að hausti telja allir hann mikilvægan en einn skrifar: „tvisvar á ári“. Allir foreldrar telja að starfsfólk komi til móts við umönnunarþörf barna sinna og eru ánægðir með þær aga- og hegðunarreglur sem notaðar eru í leikskólanum. Þegar spurt er um hvort ánægja sé með matseðil skólans kemur í ljós að þrír foreldrar eru óánægðir með hann og skrifar einn: „of mikið af unnum mat“. Þar sem óánægja er yfir mörkum fer þessi þáttur á umbótaáætlun. Þá var spurt hvort foreldrar fengju tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig unnið er saman að uppeldi barna þeirra og eru allir sammála því að þeir fái tækifæri til þess nema einn sem er

ósammála því. Allir telja að námsefni barnanna sé við hæfi þeirra. Fjórir foreldrar eða 30% eru óánægðir með húsnæði leikskólans og fer það á umbótaáætlun en vinna við að bæta aðstöðu leikskólans er þegar hafin. Sama er með leikaðstöðu utandyra en þar eru þrír foreldrar óánægðir og skrifar eitt foreldri: „það skiptir mig miklu að það sé grænt leiksvæði þar sem börnin leika sér oftast. Þrátt fyrir að þau hafi aðgengi að grænu svæði í kring tel ég það ekki vera nóg. Yngstu börnin fara (svo framalega sem ég veit) svo gott sem ekkert út fyrir aðgirta leiksvæðið“. Hvað varðar leikaðstöðu innandyra eru allir ánægðir en þrír foreldrar vita það ekki. Foreldrar eru ekki ánægðir með umferðaröryggi við leikskólann en þrír foreldrar telja það óviðunandi og skrifar einn: „Mætti ítreka við okkur foreldra að keyra hægt á bílaplaninu. Auk þess að ég hef séð foreldra á ferð vera í símanum. Góð ítrekun hjálpar vonandi til við það að minna okkur á að það er ekki við hæfi“. Þetta fer líka á umbótaáætlun. Allir foreldrar telja starfsfólk vera metnaðarfullt og faglegt í daglegu starfi og veiti foreldrum ráðgjöf eða fræðslu þegar við á og taki vel á málum sem upp koma. Foreldrar voru spurðir hvar þeir leituðu helst upplýsinga varðandi skólastarfið og voru langflestir sem nefndu facebook, síðan hjá starfsmönnum eða deildarstjóra, svo tölvupóstum, foreldrahandbókinni, fréttabréfum eða heimasíðunni.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu verið sáttir við það fyrirkomulag með vistun barna sem boðið var upp á á milli jóla- og nýárs (þ.e. lokað en boðið upp á gæslu fyrir þá sem ekki gátu vegna vinnu sinnar haft barn/börn heima). Tveir foreldrar voru ekki ánægðir með þetta fyrirkomulag og skrifar annar: „Alls ekki sátt með að börnin á Laugalandi þyrftu að fara í leikskólann á Hellu. Get ímyndað mér að það sé alls ekki auðvelt fyrir börn sem eru lítil í sér og eigi erfitt með breytingar“.

Að lokum var opin spurning þar sem foreldrar gátu tekið fram með hvað þeir eru sérstaklega ánægðir með í leikskólanum eða hvort eitthvað mætti betur fara. Eða láta eitthvað annað koma fram. Eftirfarandi var skrifað:

- *Frábær leikskóli og yndislegt starfsfólk en væri til í að hafa hreinni mat.*
- *Finnst mjög ánægjulegt hversu vel starfsfólk tekur á móti börnunum (þegar þau mæta á réttum tíma) og þá sérstaklega Anna. Maður upplifir það eins og henni sé virkilega annnt um börnin sem skiptir mann miklu máli.*
- *Ég vil þakka góð samskipti*
- *Er ánægður með hvað barninu mínu líður vel í leikskólanum*
- *Frábær leikskóli*
- *Að mínu mati jákvæðir og gladdir starfsmenn, ánægð með nýja aðstoðarleikskólastjórann*
- *Allt í fínu standi*
- *Ánægð með jákvæðan og góðan anda hjá starfsfólki sem sýna alltaf mikinn hlýhug og vinsemd þegar maður er að koma með sitt eða sækja*
- *Góður starfsandi hjá starfsfólki sem leiðir til góðra samskipta*

Umbótaáætlun vor 2023 – foreldrar Holt

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2023-2024	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2024 Ekki komið

Umbótaáætlun vor 2024 – foreldrar Holt

<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Tímamörk</i>	<i>Ábyrgðarmaður</i>	<i>Viðmið/Árangur</i>
Gera umhverfi á útisvæði meira hvetjandi til leiks og bæta leiksvæði	Setja fleiri leiktæki á stóra útisvæði. Kofa á stóra svæði þar sem efniviður er aðgengilegur börnunum	Skólaárið 2024-2025	Leikskólastjóri/eignaumsjón	Innra mat vor 2025
Bæta matseðil leikskólans	Stjórnendur þurfa að skoða næringu og samsetningu matseðils	Skólaárið 2024-2025	Yfirmaður mótuneytis grunnskólans	Innra mat vor 2025
Bæta húsnæði sem tilheyrir leikskólanum	Skipuleggja og þróa húsnæði	Skólaárin 2024-2026	Eignaumsjón	Innra mat vor 2026
Bæta umferðaröyggi við leikskólann	Bæta lýsingu og merkingar við bílastæði	Skólaárið 2024-2025	Eignaumsjón	Innra mat 2025

Foreldrakönnun Land – úrvinnsla vor 2024

Sjálfsmat var lagt rafrænt fyrir foreldra 25 barna á eldri deild og var svörun 40% (sent var á 42 netföng og komu svör frá 17). Þættir sem spurt var um að þessu sinni voru: Uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag, mannauð auk spurninga frá umbótaáætlun frá síðastliðnu vori. Þeir þættir sem ekki ná 80% ánægju fara á umbótaáætlun og þarf í þessari könnun fjóra foreldra sem eru ósammála til þess að það sem spurt er um fari á umbótaáætlun.

Allir foreldrar telja að börnin þeirra séu ánægð í leikskólanum og að vel sé tekið á mótí börnunum í upphafi dags og þau kvödd hlýlega í lok dags. Einnig telja allir foreldrar að þeir séu velkomnir í leikskólann og allir eru ánægðir með samskipti starfsfólks við börnin sín. Allir

foreldrar sem svara telja að nám barnanna sem þau fá í leikskólanum samræmist þeim væntingum sem þeir hafi til skólans en tveir vita það ekki. Allir foreldrar telja að starfsfólk bregðist við ábendingum eða beiðnum varðandi börn sín en einn segist ekki vita það. Allir telja að þeir fái upplýsingar varðandi líðan barna sinna þegar þau eru í leikskólanum og eins telja allir að það sé mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um breytingar á högum barna sinna. Aðeins eitt foreldri telur að upplýsingastreymi frá leikskólanum sé ekki gott. Þá var spurt hvort foreldrar væru látnir vita ef eitthvað kæmi upp á varðandi barnið í leikskólanum og töldu allir að svo væri en eitt foreldri taldi sig ekki vita það. Allir voru sammála því að þeir ættu góð samskipti við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra en eitt foreldri veit það ekki og skrifar að hann viti ekki hver aðstoðarleikskólastjóri sé. Allir foreldrar telja sig eiga góð samskipti við deildarstjóra og einnig við allt starfsfólk deildarinnar. Ánægja er með kynningu á nýju starfsfólki og telja allir að foreldraviðtöl séu mikilvæg og skrifar eitt foreldri að eitt viðtal á ári sé alveg nóg. Allir voru ánægðir með síðasta foreldraviðtal og öllum nema einum finnast foreldrafundur að hausti mikilvægir. Foreldrum finnst að starfsmenn skólans komi til móts við umönnunarþörf barna sinna og eru ánægðir með þær aga- og hegðunareglur sem notaðar eru í leikskólanum en eitt foreldri segist ekki vita það. Ekki eru allir ánægðir með matseðil leikskólans en þrír foreldrar eða 18% eru óánægðir með hann og segir eitt foreldri: „Margt mjög flott en finnst að mætti vera aðeins meiri fjölbreytni með tilliti til næringarsamsetningu.“ Þar sem þessi þáttur er nálægt viðmiðum um að fara á umbótaráætlun ætlum við að setja hann þar og skoða betur fyrir næsta skólaár. Þegar spurt var um hvort foreldrar fengju tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig unnið er saman að uppeldi barnanna eru allir sammála að þeir fái tækifæri til þess en tveir segjast ekki vita það. Tveir foreldrar telja sig ekki vita hvort námsefni leikskólans sé við hæfi barns síns en allir aðrir telja að svo sé. Eitt foreldri er ekki ánægt með húsnæði leikskólans og annað foreldri veit ekki hvort hann sé ánægður með það en aðrir eru ánægðir með það. Allir eru ánægðir með leikaðstöðuna innandyra en tveir eru óánægðir með leikaðstöðuna utandyra og einn veit ekki. Varðandi umerðaröryggi þá telja tveir að það sé ekki í lagi. Allir foreldrar telja að starfsfólk leikskólans sé metnaðarfullt í starfi og faglegt. Allir foreldrar sem svara telja að þeir geti fengið ráðgjöf eða fræðslu þegar við á en þrír foreldrar vita það ekki. Allir foreldrar nema eitt telur að leikskólinn taki vel á málum sem upp koma í leikskólanum. Þá voru foreldrar spurðir hvar þeir leituðu helst upplýsinga varðandi skólastarfið og voru langflestir sem nefndu facebook, síðan hjá starfsmönnum, heimasíðunni og e-mailum.

Spurt var hvort foreldrar hefðu verið sáttir við það fyrirkomulag sem boðið var upp á á milli jóla- og nýárs þ.e. lokað en boðið upp á gæslu fyrir þá sem ekki gátu vegna vinnu sinnar haft barn/börn heima og voru þrír foreldrar ekki ánægðir með það en aðrir voru sáttir.

Að lokum var opin spurning þar sem foreldrar gátu tekið fram með hvað þeir eru sérstaklega ánægðir með í leikskólanum eða hvort eitthvað mætti betur fara. Eða láta eitthvað annað koma fram. Eftirfarandi var skrifað:

- *Það er gaman að fá myndir í hverjum mánuði. Okkur líkar mjög vel við starfsfólkið og finnst það sýna kærleik til barnanna*
- *Ég vil þakka góð samskipti*
- *Ég er mjög ánægð með starfsfólk leikskólans, alltaf tekið á móti barninu mínu með hlýju og látið líða velkomin í leikskólann.*
- *Allt gott*
- *Ég er mjög ánægð með leikskólann í heild sinni*
- *Hlýlegt starfsfólk*

- Þið eruð öll frábær
- Mjög ánægð
- Mætti vera önnur leið til að tilkynna forföll en inni á Facebook síðu skólans
- Þrýsta á að klára að merkja bílastæðið.
- Allt mjög gott

Umbótaáætlun vor 2023 – foreldrar Landi


Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Bæta leikaðstöðu utandyra	Setja fleiri leiktæki/efnivið til leikja á stóra útisvæði.	Haust 2023	Eignaumsjón/ leikskólastjóri	Innra mat vor 2024 Komið vor 2024
Að foreldrar fái meiri upplýsingar frá skólastarfinu	Bæta upplýsinga-streymi frá deildinni. Senda oftast fréttir og myndir	Haust 2023	Deildarstjóri	Innra mat vor 2024 Komið vor 2024
Að láta foreldra vita ef eitthvað kemur uppá á leikskólatíma	Að hafa samband við foreldra ef eitthvað kemur upp á á skólatíma. Hringja í foreldri eða samtali þegar barn er sótt.	Haust 2023	Deildarstjóri	Innra mat vor 2024 Komið vor 2024
Bæta umferðaröryggi	Það á eftir að mála og merkja bílaplan fyrir framan skólann. Laga hellur og kant bak við skólann og biðja foreldra um að slökkva á bílum þegar þeir fara inn með börn sín	Haust 2023	Eignaumsjón / leikskólastjóri	Innra mat vor 2024 Komið vor 2024


Umbótaáætlun vor 2024– foreldrar Landi

Markmið	Leiðir	Tímamörk	Ábyrgðarmaður	Viðmið/Árangur
Bæta matseðil leikskólans	Stjórnendur þurfa að skoða næringu og samsetningu matseðils	Skólaárið 2024-2025	Yfirmaður mötuneytis grunnskólans	Innra mat 2025

Sjálfsmat – Græni og Blái hópur - elstu tveir árgangar leikskólans

Elstu tveir árgangar (Græni börn fædd 2018 og Blái börn fædd 2019) voru spurðir hvernig þeim liði í hinum ýmsu stundum í leikskólanum. Börnin gátu valið að merkja við einn broskall en þrír mismunandi „broskallar“ voru í boði. Með brosandi munn, flatan munn, eða leiðan. Svör barnanna voru sett upp í súlurit. Þegar börn völdu ekki brosandi kall voru þau spurð hvers vegna stundin væri ekki áhugaverð og kom þá í ljós að það voru helst stundir þar sem þau þurfa að sitja og hlusta og kvörtuðu um að fá ekki að tala og einnig töldu einhver að það væri of mikill hávaði.





Börnin í Græna og Bláa hóp voru síðan spurð að eftirfarandi spurningum:

- Hvað þeim þætti skemmtilegast í leikskólanum
- Hvort eitthvað væri erfitt
- Hver uppáhaldsmaturinn þeirra væri
- Hvernig þeim liði með kennurunum sínum
- Hvort kennararnir væru sanngjarnir
- Hvort þau gætu talað við kennara ef þeim liði illa

Það kemur ekki á óvart að það sem er skemmtilegast í leikskólanum er að leika sér og nefndu þau dúkkó, kubbó, fótbolta, að róla og byssuleik. Einnig finnst þeim gaman í tónlistartímum, í bíó, vera úti í góðu veðri og vera í íþróttasalnum. Flestum börnum fannst ekkert erfitt í leikskólanum en eitt leikskólabarn taldi erfitt að verða leið, annað taldi erfitt að labba upp á fjall og fara í gönguferðir því þá yrði hún svo þreytt. Einu barni fannst erfitt að tromma og grípa bolta og einum fannst erfitt að fá ekki að fara í byssuleiki. Einnig fannst einum dreng erfitt að föndra og teikna ljón og einn sagði að það væri erfitt þegar starfsmenn öskruðu á þau. Þá kom líka fram að erfitt væri að vera úti í vondu veðri og fá sand í augun.

Þegar spurt var um uppáhalds mat í leikskólanum þá kemur í ljós að kjötbollur, kjúklingur, pizza, hakk og pasta ásamt pylsupasta væri vinsælast. Þar á eftir, kjúklinganaggar, fiskibollur, bleikja, grjónagrautur, kjöt í karrý, hakk og spagettí, lasagna, hamborgarar, núðlur og gulrætur.

Þá voru börnin spurð hvernig þeim liði með kennurunum sínum og hvort þeir væru sanngjarnir. Öll börn töldu að sér liði vel með kennurunum sínum nema einu sem ekki var sátt við kennarana sína og taldi þá ósanngjarna. Fimm börn töldu að kennararnir væru ekki alltaf sanngjarnir en hin öll töldu þá vera góða og sanngjarna. Flest börn töldu sig geta talað við einhvern kennara ef þeim liði ekki vel í leikskólanum en samt kom í ljós að nokkur börn kjósa að gera það ekki. Einn sagði að hann gæti það ekki og sagði: „þá tala ég bara við sjálfan mig og segi það gengur betur næst“. Tveir sögðu að þeir gætu það en vilja ekki gera það og minnst á að hægt sé að

nota griðarstaðinn sem þau hafa aðgang að þegar þau vilja. Í þessum spurningum var áhugavert að sjá hvaða starfsmönnum börnin treystu best en nokkur nefndu hverja þeir vildu tala við ef á þyrfti að halda.

Farið verður yfir þessar niðurstöður með starfsmönnum og foreldraráði og gerð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem koma ekki nægjanlega vel út. Farið verður yfir ábendingar og rætt hvernig við getum gert gott starf enn betra.

Starfsfólk

Þann 1. maí starfa við skólann 17 starfsmenn með leikskólastjóra og ræstingu. Stöðugildi þeirra sem vinna á deildum eru samtals 11,41. Stjórnun er eitt og hálf stöðugildi og stöðugildi umsjónarmanns sérkennslu hálf stöðugildi. Samtals 13,41 auk ræstingar sem teljast hálf stöðugildi. Einnig var samið tímabundið við 10. bekk að aðstoða okkur eftir skóla á mánudögum og föstudögum en þá komu tveir nemendur hverju sinni til okkar, en á þessum tíma erum við oft mjög faliðuð. Þetta samstarf stóð til áramóta. Eftir áramót fengum við einn starfsmann í tímavinnu til okkur og aðstoðar þessa daga.

Auk leikskólastjóra eru þrjú fagmenntaðir leikskólakennarar við skólann í samtals 2,54 stöðugildum og með leikskólastjóra eru það 3,54 stöðugildi sem er 26,4%. Fjórir aðrir starfsmenn eru háskólamenntaðir. Einn er uppeldis- og menntunarfræðingur, annar er með Bed í leikskólafræðum, þriðji er með mastersgráðu í tónlist og sá fjórði er iðjuþjálfari og eru þeir í samtals 2,88 stöðugildum. Tveir starfsmenn eru í mastersnámi í kennslufræðum, einn í viðbótarnámi í einhverfuráðgjöf og einn í endurmenntun Háskóla Íslands í verkefnastjórnun og leiðtogaferni. 4 erlendir starfsmenn vinna við leikskólann frá fjórum mismunandi löndum.

Áætluð starfsmannþörf næsta vetur á deildunum miðað við þær upplýsingar sem við höfum núna er um 12-13. Bæta þarf við einum deildarstjóra þar sem áætlað er að opna nýja deild næsta haust. Einnig þarf að auglýsa eftir fólki í tvö stöðugildi þar sem tveir starfsmenn fara í fæðingarorlof.

Eitthvað var um endurmenntun á sl. skólaári og fóru nokkrir starfsmenn á námskeið. Á haustönn fór einn starfsmaður á tveggja daga réttindanámskeið í Jákvæðum aga. Einn erlendir starfsmaður tók þátt í Menntafléttu – íslenskuþorp í leikskólanum og einn starfsmaður fór á námskeið fyrir starfsfólk leikskóla á vegum Skólaþjónustunnar. Allir starfsmenn fóru á Haustþing FL og FSL sem haldið var á Hvolsvelli. Stærðfræðiskimunartækið MIO var tekið í notkun á skólaárinu og fengu allir starfsmenn kynningu á því á starfsmannafundum. Á vorönn fór einn starfsmaður á TRAS námskeið og einn starfsmaður fór á CAT-kassa námskeið. Tveir starfsmenn fóru á réttindanámskeið fyrir íslenska máhljóðamælinn. Tengiliður leikskólans sótti grunnfræðslu og framhaldsfræðslu um farsæld barna á vegum Barna- og fjölskyldustofu (BOFS). Allir starfsmenn fóru á upprifjunarnámskeið í Jákvæðum aga á sameiginlegum starfsdegi leikskóla á Skólaþjónustusvæðinu og fengu allir starfsmenn einnig fræðslu um vináttuverkefnið Blá á starfsmannafundi frá Skólaþjónustunni. Á síðasta starfsmannafundi var síðan fræðsla frá Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglunga.

Starfsmenn gefa sér almennt lítinn tíma til endurmenntunar á vinnutíma þar sem þeir finna að þegar þeir fara frá er hætta á undirmönnun og álag eykst á þá sem eftir eru. Margir eru þó áhugasamir um endurmenntun og sækja sér námskeið og fræðslu utan vinnutíma.

Starfsumhverfi

Starfsumhverfi leikskólans er enn ekki eins og best er á kosið eins og kom fram í ytra mati vorið 2021 en vinna við að skipuleggja endurbættan leikskóla er hafin. Á árinu voru gerðar úrbætur á þvottaraðstöðu fyrir leikskólann. Tímum fyrir leikskólabörn í íþróttasal skólans hafa farið fækkandi og væri gott ef hægt væri að skipta salnum með tjaldi til að salurinn myndi nýttast betur. Tveimur leiktækjum var bætt við á stærra útisvæði leikskólans. Hins vegar er mikil bleyta á því svæði svo svæðið nýtist ekki alltaf eins og best væri á kosið. Enn vantar líka geymslukofa á útisvæðið.

Barnahópurinn

Þann 1. maí voru 47 nemendur við skólann. 25 börn voru á eldri deildinni og 22 á yngri deildinni. Lang flestir nemendur eru íslenskir en 6 börn eru tvítyngd. Öll tvítyngd börn nema eitt eiga annað foreldri íslenskt. Sjö börn hlutu sérkennslu og/eða stuðning á skólaárinu.

Árgangur	Stelpur	Strákar	Samtals
2018	2	7	9
2019	4	5	9
2020	3	4	7
2021	5	9	14
2022	4	2	6
2023	1	1	2
	19	28	47

Óskað hefur verið eftir vistun fyrir 5 ný börn á næsta skólaári (upplýsingar í maí 2024) og fara 9 frá okkur í grunnskóla.

Foreldraráð

Fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð/foreldrafélag (Hans og Gréta) leikskólans á Laugalandi. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. (fylgiskjal 1)
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldrar barna á Leikskólanum Laugalandi geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfalli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé tilkynnt leikskólastjóra leikskólans eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við Odda

bs. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltrúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólastjóra.

Áherslur í starfi leikskólans skólaárið 2024-2025

Helstu áherslur í skólastarfi næsta skólaárs verða svipaðar þeim sem hafa verið sl. ár og verður haldið áfram að vinna með innleiðingu á Jákvæðum aga.

Einnig er áætlað að leggja meiri áherslu á góða næringu og heilsu en eins og kom fram í innra mati er þörf á að skoða samsetningu matseðils skólans. Góð hvíld og svefn er einnig mjög mikilvægur þáttur fyrir öll börn ekki síður en góð næring og munum við líka huga að því hvernig við getum ýtt undir það að allir nái góðri hvíld eða slökun yfir daginn. Góður lúr hjá yngri börnum yfir miðjan daginn er mjög mikilvægur m.a. til vaxtar, þroska, einbeitingu og minni og minnkar streitu. Rannsóknir sýna að börn sem fá að sofa og hvílast vel hafa ekki eins mikið streituhormón (Kortisol) í líkamanum en það hormón hefur slæm áhrif á heilann.

Í leikskólanum hefst undirbúningur fyrir lestrarnám og verða áfram sérstakar stundir til að efla þennan þátt inni í dagskipulagi skólans (s.s. Lubbastundir). Þar er byrjað að móta jákvæð viðhorf til læsis og bóka. Unnið verður að eflingu máltjáningar og frásagnarhæfni. Einnig verður unnið með orðaforða og hann eflur ásamt málskilningi og eins verður unnið með hlustun. Allt þetta er gert í gegnum leik, lestur, söng og almenn samskipti. Daglega eru lestrarstundir, börnin hvött til að tala og segja frá. Í leikskólanum er einnig læsishvetjandi umhverfi og sett fram leikefni sem hvetur til lesturs og ritunar. Sérstakt læsisátak verður bæði á haustönn og vorönn á báðum deildum í samstarfi við foreldra en það er áhyggjuefni hvað fáir foreldrar lesa orðið fyrir börn sín. Áætlað er að fara í að uppfæra læsisstefnu leikskólans í samvinnu við grunnskólann næsta skólaár. Eftir því sem börnin eldast er unnið markvisst með hljóðkerfisvitund og í septembermánuði, á síðasta skólaári barnsins, er lagt fyrir HLJÓM próf sem metur hljóð- og málvitund leikskólabarna. Einnig verður áfram unnið með Blæ vináttuverkefnið, yoga og Hugarfrelsisnáms efnið.

Á næsta skólaári verður aukin áhersla á stærðfræði og hefur leikskólinn keypt skimunarefni sem kallað er MIO en það er sérstaklega gert fyrir leikskóla. Þá verður hvert barn skimað þrisvar á leikskólagöngunni og fer skimun fram við daglegar athafnir og starf í skólanum. Allir starfsmenn deildanna geta tekið þátt í matinu. Matið nær til þriggja meginsviða stærðfræðinnar sern eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi. Sérstakt stærðfræði áttak verður á haustönn.

Sjálfbærni umfjöllun er öflug í leikskólanum og er börnunum kennt að vernda náttúruna. Það verður unnið með þeim að þessum þáttum m.a. í samverustundum og svo var farið í s.k. „Úti er ævintýri“ ferðir fast einu sinni í viku (útikennsla). Náttúran og umhverfið verður skoðað og ýmis fræðslumyndbönd eru kynnt fyrir börnunum. Sorp er flokkað að hluta til svo börnin kynnist endurvinnslu og hvað hún felur í sér. Í skapandi starfi er reynt að endurnýta umbúðir og annað sem til fellur. Markmiðið er að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu og kynnist hringrás hennar. Börn sem þekkja náttúruna og eiginleika hennar eiga auðveldara með að vinna með náttúrunni. Í útivistinni fá börnin tækifæri til að róta og sulla í mold og vatni og er stóri leikvöllurinn tilvalinn til þannig leikja. Notuð eru fjölbreytt efni úr náttúrunni til að vinna úr t.d. mold, vatn, steinar, laufblöð, blóm, sprek o.s.frv. Inni fá þau líka að sulla og gera tilraunir með vatn.

Börnin fá tækifæri til að kynnst nágrenni skólans en þar er trjágróður, fiskeldi, sauðfé, hross og mikið fuglalíf ásamt hólum, múum og túnum. Með því að kynnst þessum hlutum í hópi annara barna, með stuðningi kennara, læra þau að virða og annast náttúruna. Einnig er áætlað að börnin vinni að ræktun s.s. sá fræum og rækta grænmeti, kartöflur og blóm.

Íþróttir og hreyfing eru hluti af stundaskrá og æfingum sem henta hverjum hópi. Einnig er gefinn rúmur tími fyrir frjálstan leik sem er börnunum mikilvægur.

Við höldum áfram að vinna eftir handbókinni okkar „Málörvun – alltaf alls staðar“ sem varð til við gerð þróunarverkefnisins um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Á skólaárinu verður handbókin uppfærð.

Tónlist er mikilvægur þáttur í öllu starfi skólans og samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga mun halda áfram með elstu nemendum leikskólans. Einnig fá börnin sérstaka tónlistartíma með starfsmönnum leikskólans.

Áhersla er á samstarf við foreldra. Haldinn er foreldrafundur í upphafi skólaárs og fá foreldrar þar kynningu af starfi skólaársins. Boðið verður upp á foreldraviðtöl í mars auk þess sem starfsmenn eru ávalt reiðubúnir að taka á móti og hlusta á foreldra varðandi uppeldi barna þeirra. Á báðum deildum er lögð sérstök áhersla á samskipti við foreldra þegar komið er með börnin og þegar þau eru sótt. Helsti samskiptamáti fyrir utan dagleg samskipti er lokaða Facebook síða skólans en það er sá upplýsingamáti sem foreldrar hafa óskað eftir. Foreldraráð / foreldrafélag leikskólans fundar nokkrum sinnum yfir skólaárið og skipuleggur ýmsar uppákomur í samráði við leikskólustjóra.

Áætlað er að efla samstarf starfsmanna enn meira og styrkja. Þá ætlum við að bæta við samráðsfundum hópstjóra barnanna einu sinni í mánuði þar sem faglegt starf og línur verða lagðar fyrir starfið. Einnig munum við koma á litlum fundum þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að ígrunda eigið starf út frá sjálfsmatslista (í námsmatshandbók). Ígrundum fer fram með þeim hætti að starfsfólki gefst kostur á að velja einn fagmenntaðan starfsmann til að eiga ígrundunarsamtal við út frá viðkomandi lista. Ígrundunarsamtal fer fram á haustönn.

Áætlað er einnig að efla enn meira samstarf skólastiganna á Laugalandi og er ætlunin að setja saman samstarfsráð næsta haust þar sem starfsmenn beggja skólastiga ræða saman um samstarf. Áætlað er að kynna þetta aðeins fyrir foreldrum beggja skólastiga á skólasetningu Laugalandsskóla í ágúst n.k. þar er kjörinn vettvangur til að ná foreldrum saman og ætlum við að biðja skóla- og félagsþjónustuna að vera með kynningu á nýju farsældarlögunum en öll börn og foreldrar eiga að hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur og það þarf að kynna.

Umbótum sem snúa að leikskólastarfinu, frá ytra mati sem gert var vorið 2021 er nú að fullu lokið og er nú námsmatshandbókin sem stefnt var á að ljúka á síðastliðnu skólaári lokið og hún komin á heimasíðu skólans. Það eina sem stendur þá út af umbótaáætluninni er það sem snýr að starfsumhverfi skólans og snýr að sveitarfélögunum. En það er þátturinn „*Leita þarf leiða til að sameina alla starfsemi leikskólans á einum stað í sameiginlegu húsnæði leik- og grunnskólans og finna betri lausn á staðsetningu og aðbúnaði á útileiksvæði.*“ Það er ánægjulegt að vita að þessi þáttur er nú kominn á fullt skrið og verið að vinna tímulinu á þeim aðgerðum.

Starfsáætlun 2024-2025

Hérna kemur starfsáætlun fyrir starf leikskólans næstkomandi skólaár 2024-2025 en hún er einskonar leiðarvísir fyrir komandi starf. Tilgangurinn er m.a. að gera skólaþróun leikskólans markvissa og sýna að skólinn vinni að grunnþáttum menntunar. Einnig að það sé gert ráð fyrir mati á starfinu sem á að vera umbótamiðað. Starfsáætlun sýnir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig áætlað er að starfið muni verða og hafa starfsmenn og foreldrar komið að vinnu við þessa áætlun og sama gildir um leikskóladagatal. (Fylgiskjal 2)

Júlí Sumarlokun fimm vikur.

Ágúst Aðlögun nýrra barna og viðtöl við nýja foreldra. Stundaskrár gerðar klárar og verkefnum úthlutað til starfsmanna fyrir veturinn. Einstaklingsáætlanir yfirfarnar og skipulag sérkennslu sett upp. Dagskipulag deildanna endurskoðað. Menntadagur Odda 19. ágúst. Farið yfir umbótaáætlun á starfsmannafundi og rætt hvernig unnið verði að henni á þessu skólaári. Stofnuð samráðsnefnd (leik- og grunnskóla) og áætlað að halda samráðsfund með grunnskóla til að skipuleggja samstarf vetrarins. Áhersla á útileiki, útivist og skógarferðir. Hjóladagur áður en grunnskólinn byrjar. Tónlistarskóli fyrir elstu börnin, fædd 2019, byrjar.

September Hálfur starfsdagur 19. september sem nýttur verður til að undirbúa starfið. Haustþing leikskóla á Skólalþjónustusvæði 27. september. Foreldrafundur, foreldraráðsfundur. Byrjað að vinna eftir stundaskrá vetrarins (Bína, Lubbi, Blær, árgangastarf, útikennsla, tónlist, íþróttir o.fl.) og áhersla á útileiki. Unnið með fjölskylduna. Evrópskur tungumáladagur þar sem fjallað er um önnur tungumál öðruvísi hefðir og menningu. Samvinna við grunnskóla hefst s.s. skólaheimsóknir þar sem elstu börn byrja að mæta tvisvar í mánuði í dagskóla með yngstu börnum grunnskóla og tvisvar í mánuði í kennslustund með 1. bekk. Íþróttaskólinn einu sinni í viku (sundkennsla). Hjómpróf lögð fyrir elsta árganginn. MIO stærðfræðiskimun og TRAS skráning fer í gang fyrir skólaárið. Farið yfir áfalla- og rýmingaráætlun með starfsfólki, einelti og jafnrétti. Einnig er starfsmönnum kynntar verklagsreglur varðandi tilkynningarskyldu við barnaverndaryfirvöld. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl þar sem fjallað er um líðan, stjórnun, liðsheild og starfsanda.

Október Aðlögun heldur áfram á yngstu deild. Unnið með haustið. Unnið með stærðfræði. Bókavika - lestrarátak 7.-11. október. Bangsadagur 25. október. Ígrundunarsamtöl starfsfólks út frá sjálfsmatslista hefjast. Starfsmannasamtöl þar sem fjallað er um líðan, stjórnun, liðsheild og starfsanda.

- Nóvember** Starfsdagur 18. nóvember sem er nýttur til undirbúnings starfsins. Búningadagur (Halloween). Dagur íslenskrar tungu þar sem 1. og 2. bekkur grunnskólans koma í heimsókn. Unnið með þulur, ljóð og íslenska menningu. Jólaundirbúningur hefst s.s. með gerð aðventukrans, jólapappírs, jólakort og jólagjafir til foreldra. Jólaleikrit (Grýla og jólasveinarnir) í boði foreldrafélags leikskólans. Meta líðan barna, tengslakönnun. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl þar sem fjallað er um líðan, styrkleika starfsmanns og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Desember** Piparkökubakstur og foreldrakaffi. Margvíslegur jólaundirbúningur, jólagjöfum pakkað, skólinn skreyttur, jólaball í leikskólanum og grunnskólanum, generalprufa fyrir jólaskemmtun, og jólasprellsvika. Farið með kakó og piparkökur út í skóg með börn á eldri deild og elstu börn á yngri deild. Foreldrafélagið sér um „jólasamveru“ barna og foreldra. Skráningadagar verða 23. desember og á milli jóla og nýárs.
- Janúar** Starfsdagur 2. janúar notaður til fræðslu, funda og undirbúnings á starfi vorannar. Unnið með veturinn. Þorrablót á bóndadaginn 24. janúar. Börnin æfa skemmtiatriði, læra þulur, íslenskar vísur og svo verður harmonikkuleikur og dans. Unnið með þjóðsögur og áhersla verður á menningu og þjóðlega siði. Vasaljósadagur. Mot-hreyfiproskapróf lögð fyrir börn fædd 2019 og 2020. Hljómpróf lagt aftur fyrir þau börn sem komu slök út í prófinu í september (ef einhver eru). Vinahringur (ath. hvort að öll börn séu ekki örugglega inni í innsta hring hjá a.m.k. einum starfsmanni). Bókavika – lestrarátak 13.-17. janúar. Gert áhættumat fyrir leikskólann. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl þar sem fjallað er um líðan, styrkleika starfsmanns og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Febrúar** Starfsdagur 25. febrúar. Áfram unnið með þjóðlegt efni. Bakaðar bollur, „Dagur leikskólans“ haldinn hátíðlegur og ömmum og öfum boðið að koma í kaffi. Unnið að einhverju þema í samráði við börnin í kringum Dag leikskólans. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl fjallað um líðan, tækifæri til vaxtar og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Mars** Tannverndarvika og unnið með þema um næringu, hollustu og heilsu. Fæðuhringurinn kynntur. Bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Hálfur öskudagur e.h. nýttur sem starfsdagur þar sem foreldrasamtöl eru undirbúin. Foreldrasamtöl. Sögugerð og ljóð á eldri deild. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl fjallað um líðan, tækifæri til vaxtar og eitthvað sem starfsmaður vill eða þarf að ræða.
- Apríl** Starfsdagur 25. apríl. Jafnréttisvika. Vika regnbogans, fræðsla um einhverfu og fjallað um fjölbreytileikann, jafnrétti o.fl. Ræktun, sáð fræjum. Umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi. Páskaföndur.

Foreldrakönnun lögð fyrir foreldra og sjálfsmat lagt fyrir starfsmenn og börn. Að þessu sinni verður spurt um leikskólabrag, stjórnun og uppeldis- og menntastarf. Starfsmannasamtöl eða snerpusamtöl - fjallað um líðan og hvernig starfsmaður myndi vilja sjá leikskólann fyrir sér ef hann mætti stjórna.

- Mái** Unnið með vorið. Útileikir, útskriftarferð, vettvangsferðir í næsta nágrenni. „Vorskóli“ elstu barna og nemendaskipti, en þá koma nokkrir nemendur úr grunnskólanum og elstu nemendur leikskóla fara upp í grunnskólann. Sauðburðardagur, vettvangsferð með börn af elstu deild. Fuglaþema/náttúran. Starfsmannasamtöl - fjallað um líðan og hvernig starfsmaður myndi vilja sjá leikskólann fyrir sér ef hann mætti stjórna. Úrvinnsla kannana. Ársskýrslugerð.
- Júní** Vorhátíð og útskrift. Áhersla á útileiki og útivist, vettvangsferðir í næsta nágrenni skólans. Vettvangsheimsóknir á sveitabæi í sveitinni. Gróðursett tré í Ásabrekku með Skógræktarfélagi Rangæinga. Hjóladagur. Skilafundur vegna elstu barna sem fara yfir á næsta skólastig (ef ekki að vori þá í ágúst í samráði við grunnskóla). Sumarlokun 30. júní.

Þetta er, eins og fram kemur í inngangi kaflans, áætlun til að ramma starfið inn og gæta þess að unnið sé markvisst eftir aðalnámskrá leikskóla. Einstaka liðir geta breyst vegna aðstæðna og einnig er hlustað á börnin, þau höfð með í ráðum og þeirra hugmyndir og óskir teknar til greina við skipulagningu starfsins.

Fylgiskjöl

1. Umsögn foreldrafélagsins
2. Skóladagtal fyrir skólaárið 2024-2025

Laugalandi 23. maí 2024

Sigrún Björk Benediktsdóttir
Leikskólastjóri

